

L Ö G

91

19. júní

um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda niðursoðna mjólk, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í rikissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í rikissjóð.

4. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkv. 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.